

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugum ⁽²⁾ var felld inn í EES-samninginn að nýju samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2009 frá 25. september 2009 ⁽³⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 483/2009 frá 9. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 820/2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0483**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 483/2009 frá 9. júní 2009 (Stjtið. ESB L 145, 10.6.2009, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 483/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 145, 10.6.2009, bls. 23.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.